

Kæru formenn

Nú er framkvæmdaráðsfundurinn 4. september að nálgast.

Ég sendi ykkur dagskrá fundarins, framkvæmdaáætlunina sem verður til umfjöllunar á fundinum og samantekt Sigrúnar Jóhannesdóttur um alþjóðþingið í Spokane. Í þessari frábæru samantekt skýrir hún mjög vel skipulag starfsemi DKG. Þessi samantekt er einnig komin á vefinn undir þinghald/Alþjóðþing. Ég bið formenn deilda sérstaklega að kynna sér framkvæmdaáætlunina því leyfilegt er að koma með breytingartillögur. Hún verður síðan lögð til samþykktar framkvæmdaráðs á fundinum.

Á vefnum undir Starfsemi/Efni fyrir formenn (- lykilorð LYKILL) er handbókin og bið ég ykkur að kynna ykkur innihald hennar vel.

Ég hlakka til að hitta ykkur á föstudagskvöldið 3. september í Stapaseli 12 kl. 20

Upplýsingar

Framkvæmdaráðsfundurinn er 4. september kl 9-16 í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Í framkvæmdaráði eru formenn deilda ásamt framkvæmdastjórn landssambandsins. Auk þeirra eru boðaðar til fundarins formenn nefnda, sem verða með erindi á fundinum.

Kvennafrídagurinn 24. okt. Við höfum hafið samvinnu við Skotturnar, sem eru opinn samstarfsvettvangur kvenna, sprottinn upp úr grasrót íslensku kvennahreyfingarinnar. Honum er ætlað að virkja allar konur til aðgerða í þágu jafnréttisbaráttu kvenna, með kvennafrídaginn sem útgangspunkt. Sjá nánar <http://kvennafri.is/skotturnar>.



AKT

DKG 35 ár á Íslandi. Marie Pierce, útbreiðslustjóri DKG kom til Íslands haustið 1975 í þeim tilgangi að stofna deild hér á landi. Vert er að minnst þessa tímamótar, en Alfadeildin var stofnuð 7. nóvember 1975. Iowa konur buðu þuríði Kristjánsdóttur formanni Alfadeildar til Bankaríkjanna að sækja alþjóðþing DKG í St. Louis 1976. Landssamband var síðan stofnað hér á landi 28.mars 1977.

Gönguhópurinn mun hittast á ný 21. sept, kl. 17 við Perluna. Í vetur er stefnt að því að hittast þriðja þriðjudag í hverjum mánuði og er aldrei að vita hvort ekki verði brugðið út af vananum og aðrar upptökur kynntar. Nánar auglýst á vefnum.

Til framkvæmda

Kynnið leiðtoganámskeiðin 24. og 26. sept. fyrir félagskonum. Námskeiðið verður auglýst fyrir konur utan samtakanna eftir fyrstu vikuna í september. Sjá nánar á vefsíðunni.

Munið að uppfæra félagatalið og minna á félagsgjöldin.

September 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	lau	Su
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			


Á döfinni:

- 3. sept Stjórnarfundur Landssambandsins og boð fyrir fulltrúa fundarkvenna
- 4. sept Framkvæmdaráðsfundur
- 21. sept Gönguhópurinn
- Leiðtoganámskeið 24.-25. sept og 26.-27. sept
- 5. okt Veffundur gjaldkera
- 19. okt Gönguhópurinn og 24.-25.okt Dagskrá vegna kvennafrídags

Október 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Eindagar

Síðasti dagur til að senda inn umsókn um að taka þátt í verkefni á vegum International Speakers Fund er **15. sept**. Sjá frétt á vefnum. Félagsgjald, kr 7500,- þarf að berast gjalkera deilda fyrir **31. október** og gjaldkera landssambands fyrir **10.nóvember**



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG